



## Dómaranefnd

Helstu verkefni þriggja manna dómaranefndar sem kosin er á ársþingi JSÍ

1. Prófdómarar í dómaraprófum JSÍ
2. Skipuleggja og sjá um námskeið og dómararóf
3. Halda skrá um störf dómara og próf þeirra
4. Skrá réttindi dómara í júdópassa
5. Gefa út dómaraalista tvisvar á ári
6. Fylgjast með og tilkynna breytingar sem verða á dómarareglum EJU og IJF
7. Boðun dómara á mót

## Siðareglur dómara

1. Dómari skal að sjálfsögðu ávalt gæta hlutleysis
2. Dómari skal ekki dæma viðureignir keppenda úr sínu félagi né nákominna ættingja. Ef því verður ekki við komið skal leitast við að hann verði þá hornadómari en ekki aðaldómari
3. Dómara er óheimilt að hvetja keppendur meðan á móti stendur sé hann auðkenndur sem slíkur
4. Vilji dómari meðan á móti stendur, tjá sig um dóma við aðra dómara eftir viðureign skulu þeir ekki gera það í viðurvist keppenda eða áhorfenda

## Klæðnaður

1. Dómarar skulu klæðast dökkbláum eða svörtum jakka, dökkgráum buxum og svörtum sokkum, hvítu skyrtu með grátt eða blátt bindi eða sérstökum dómarafatnaði frá JSÍ